

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt,  
sbr. lög nr. 104 31. des. 1972.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð  $2\frac{1}{2}\%$  af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskípum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1973. Launaskattur skal greiddur samkvæmt lögum þessum af launum, sem greidd eru vegna starfa, sem unnin eru frá og með 1. janúar 1973.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar  
Útskála og Brekku í Gerðahreppi.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi, að undanskildu heimatúni Útskála, fyrir það verð, sem um semst. Jarðirnar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*